

Stefnandi, Jórunn Hrólfsdóttir, greiði stefndu, Daniel Pálmasyni og Ingibjörgu Bjarnadóttur, kr. 25.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. október 1987.

Nr. 270/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Hirti Helga Þráinssyni

Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. tl. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. september 1987 sem barst Hæstarétti 21. s.m. Hann krefst þess að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Barðastrandarsýslu hefur varnaraðila á dómþingi 1. þ.m. verið kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Lýsti varnaraðili því yfir að hann krefðist staðfestingar hinnar kærðu dómssáttar.

Samkvæmt gögnum málsins kærði Jóhanna Katrín Eggertsdóttir varnaraðila fyrir að hafa að morgni 2. maí 1987 komið óboðinn og ölvaður á heimili hennar, ógnað henni með hnífi og hót að skera hana á háls. Gaf Jóhanna skýrslu fyrir lögreglunni í Barðastrandarsýslu um atburðinn.

Héraðsdómari lauk málinu með dómssátt 10. september sl. og heimfærði brot varnaraðila undir ákvæði 21. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samþykkti varnaraðili að greiða 12.000,00 króna sekt í ríkissjóð en sæta 6 daga varðhaldi greiddi hann sektina ekki fyrir 15. september 1987.

Af hálfu ákærvalds er því haldið fram að í hinni kærðu dómssátt sé brot varnaraðila ranglega talið varða við 21. gr. áfengislaga. Þá sé málið með öllu órannsakað og hafi ekki verið skilyrði til að ljúka því með dómssátt og sektargreiðslu svo sem dómari gerði. Kunni rannsókn málsins að leiða til annarrar heimfærslu brots til refsíákvæða. Þessi málalok verði því að teljast fjarstæða.

Framangreind kæra fól í sér alvarlegar sakargiftir sem lítt hafa verið rannsakaðar. Hvorki var tekin skýrsla af varnaraðila né vitni sem kærandi nafngreindi, en varnaraðili lýsti því í sakadómi 10. september sl., að efni kæru væri rétt. Þykir bresta skilyrði til að ljúka málinu með dómssátt sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að fella hina kærðu dómssátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. greindra laga.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Barðastrandarsýslu 10. september 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 10. september kl. 14:00, var dómþing sakadóms Barðastrandarsýslu háð á skrifstofu embættisins, Aðalstræti 92, Patreksfirði af Guðmundi Björnssyni fulltrúa sýslumanns. Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um ölvun og hótanir.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1 skýrslu, svo hljóðandi: Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Hjörtur Þráinsson. Stétt eða atvinna: Sjómaður. Heimili: Þórsgata 1, Patreksfirði. Fæðingardagur: 29.11. 1962. Fæðingarstaður: Patreksfjörður.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82, 1961.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt.

Hann samþykkir að greiða kr. 12.000,00 í sekt til ríkissjóðs til að komast hjá málssókn út af brotinu, sem varðar við 21. gr. áfengislaga og 233. gr. l. nr. 19/1940.

Sektin greiðist fyrir 15. september 1987, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 6 daga.

Málkostnaður kr. 0,00.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot, sbr. 71. gr. l. nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.